

Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneyti
Málefna svið - ferðaþjónusta
Skúlagötu 4
101 Reykjavík



Reykjavík, 02. janúar 2019

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um tryggingar vegna pakkaferða

Samtök ferðaþjónustunnar (Samtökin) hafa kynnt sér Drög að reglugerð um tryggingar vegna pakkaferða, sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 15.12.2018 og eru með eftirfarandi ábendingar.

Samtökin gera athugasemd við að lítið samráð hefur verið haft við greinina við gerð reglugerðarinnar en í aðdraganda frumvarpsins sem fyrirbyggjandi drög byggja á, fóru samtökin fram á að fá aðkomu að þeirri smíð.

Hvað varðar efni þeirra draga sem hér eru til umsagnar þá fagna samtökin að verið sé að færa upplýsingaöflun og forsendur pakkaferðatryggingar nær í tíma en verið hefur. Samtökin benda þó á mikilvægi þess að þar sem verið er að kollvarpa reiknireglum og færa kröfur um skil á gögnum nær í tíma, verði veittur sveigjanleiki fyrir fyrirtæki til að átta sig á nýrri reiknireglur og svigrúm í tíma til að skila gögnum fyrstu árin. Þá telja samtökin mikilvægt að skoða hvort greiðslur viðskiptavina til greiðslukortafyrirtækja þurfi að vera hluti af alferðaveltu þar sem greiðslukortafyrirtækin ábyrgjast endurgreiðslu komi til þess að ferðaskrifstofa eða ábyrgðaraðili ferðar felli niður eða aflýsi ferð.

Samtökin benda einnig á að nauðsynlegt er að birta nýja reiknireglu í einhverju formi og gera samtímis þá kröfur að upphæðir trygginga verði hvergi birtar. Þó er í því sambandi mikilvægt að birta nöfn þeirra fyrirtækja sem hafa skilað tryggingu og rauðlista þau fyrirtæki sem ekki hafa skilað þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir þess efnis.

Að lokum vilja samtökin benda á að með nýrri reiknireglu geta komið upp vandkvæði þegar farið verður að vinna með hana og því mikilvægt að fylgjast með og gera breytingar eftir því sem við á.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum.

Virðingarfyllst
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Gunnar Valur Sveinsson